

Mál nr. 331/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Ágreiningur um rétt til greiðslu kostnaðar vegna vinnu löggilts skjalapýðanda

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.10. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Mál þetta varðar kröfu M um greiðslu við mögulega þýðingarvinnu við vinnu löggilts skjalapýðanda m.a. á bréfi vátryggingafélagsins, dags. 31.08. 2009, þar sem bótaskylda er hafnað, vegna slyss sem M varð fyrir í nóvember 2008. Ekki er vitað til þess að þýðingarvinna hafi þegar farið fram.

M telur að hann eigi rétt á því að fá þýðingarkostnað bættan því ella geti hann ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans séu ákveðnar sbr. ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Skrifleg samskipti við hann geti ekki farið fram á íslensku.

Vátryggingafélagið telur að það hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni með umræddu bréfi á íslensku til lögmanns M. Í lögum sé hvergi kveðið á um skyldu vátryggingafélaga til þess að láta þýða á sinn kostnað öll bréf og gögn sem varða samskipti þess við viðskiptavini eða tjonþola sem ekki skilja íslensku. Slík skylda yrði að styðjast við lög. Í því máli sem hér er til umræðu hafi M lögmann sér til aðstoðar sem hafi annast samskipti hans við félagið. Þau séu eðlilega á íslensku. Lögmaðurinn eigi að vera fullfær um að úrskýra fyrir skjólstæðingi sínum á hverju afstaða félagsins til bótaskyldu er byggð. Þá geti félagið ekki fallist á að skylda til að láta þýða bréfið geti byggst á jafnræðisreglur 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki er unnt að fallast á að vátryggingafélaginu sé skylt að greiða kostnað við mögulega þýðingu þeirra gagna sem hér um ræðir. Telja verður að vátryggingafélaginu sé heimilt að eiga samskipti sín við lögmann M á íslensku.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 13. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.